

## BÆJANÖFN O.FL.

Örnefnanefnd hefur – samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum – tekið við tilkynningum um eftirgreind nöfn býla og sent nöfnin hlutaðeigandi þinglýsingarstjórum, á tímabilinu 1. ágúst 1998 til 31. desember 1999:

Stekkur. Úr landi Morastaða í Kjós.

Sólbyrgi. Sameinuð jörð Dalbæjar og Sólbyrgis í Borgarfirði.

Fossabrekka. Úr landi Miðfossa í Andakíl í Borgarfirði.

Stóra-Fjall II. Úr landi Stóra-Fjalls í Borgarbyggð.

Álfholt. Úr landi Marbælis í Skagafirði.

Klausturbrekka. Úr landi Reynistaðar í Skagafirði.

Krithóll II. Úr landi Krithóls í Skagafirði.

Lindabær. Úr landi Sólheima í Sæmundarhlíð í Skagafirði.

Melar. Úr landi Skúfsstaða í Hjaltadal.

Kinn. Úr landi Gilsbakka í Öxarfirði.

Skipalækur II. Úr landi Skipalækjar í Fellahreppi.

Teigasel I. Úr landi Teigasels á Norður-Héraði.

Hamarssel. Sameinuð jörð Hamarssels og Veturhúsa í Djúpavogshreppi.

Gilsbakki. Úr landi Ketilhúshaga á Rangárvöllum.

Rjúpnaveilir. Úr landi Merkihvols í Holta- og Landsveit.

Vörður (kv. ft.). Úr landi Flagbjarnarholts II í Holta- og Landsveit.

Fossmúli. Úr landi Votmúla í Flóa.

Birkikinn. Úr löndum Lækjarekku og Steinsholts II í Gnúpverjahreppi.

Heiðargerði. Úr landi Réttarholts í Gnúpverjahreppi.

Knarrarholt. Úr landi Réttarholts í Gnúpverjahreppi.

Dalbrún III. Úr landi Stóra-Fljóts í Biskupstungum.

Sunnuflöt. Úr landi Reykjavalla í Biskupstungum.

Rauðilækur. Úr landi Gljúfurárholts í Ölfusi.

Sunnuhvoll. Úr landi Hvals I í Ölfusi.

Steinar. Úr landi Svínavatns í Grímsnesi.

Örnefnanefnd hefur á framangreindu tímabili einnig fjallað um og fallist á beiðni um eftirgreinda breytingu á nafni býlis og sent hið nýja nafn hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra, samkvæmt lögum um bæjanöfn o.fl., nr. 35/1953, með síðari breytingum:

Borgir. Áður Haugar, í Stafholtstungum í Borgarfirði.

*Örnefnanefnd, 31. desember 1999.*

**Ari Páll Kristinsson.**